

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 25. mars 2009

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir og Kristjana Guðlaugsdóttir.

1. Páskabingó

Bingóið skipulagt. Það verður haldið fimmtudaginn 2. apríl á sal skólans. 1.- 5. bekkur mætir kl. 17.00 – 18.30. 6. – 9. bekkur mætir kl. 19.00 – 20.30. Hulda mun kaupa páskaegg til að hafa í vinninga og Jóna Guðrún sendir út tilkynningar. Ákveðið að selja spjaldið á 150 kr. Bingóstjórar verða Hafdís í yngri hópnum og Lovísa í eldri hópnum. Nemendum við skólann hefur fjölgað töluvert milli ára og því vantar fleiri spjöld. Jana ætlar að athuga hvort að ekki sé hægt að fá lánuð spjöld hjá öðrum grunnskólum þar sem ekki voru til spjöld á landinu til kaups.

2. Verkreglur Akurskóla v. kynninga í skólanum

Rætt var um nauðsyn þess að verkreglur skólans séu skýrar varðandi kynningar á ýmsum utanaðkomandi uppákomum. Stjórn FFA fékk símhringingar frá óánægðum foreldrum vegna kynninga í skólanum nýverið. Ákveðið að leggja fyrirspurn til skólastjórnenda og leggja málið fyrir í foreldraráði.

3. Foreldrar í forföllum/viðveru

Hugmynd foreldra um að þeir kæmu inn í skólana í forföllum og hefðu ofan af fyrir nemendum var tekin fyrir á fundi fræðsluráðs 9. mars. sl. Í fundargerð stendur: “Ingigerður greindi frá umræðu meðal foreldra um sjálfboðastörf í grunnskólum. Fræðsluráði finnst jákvætt að foreldrar komi inn í skólana til að hjálpa til, en foreldrar geta þó ekki gengið í störf kennara”.

Rætt var um hvort fræðsluráð hefði misskilið boð foreldra þar sem þeir hafi aldrei ætlað sér að ganga í störf kennara. Af þessari hugmynd verður ekki og ætlar Jóna Guðrún að semja bréf og senda á bekkjafulltrúa til upplýsingar. Þó má segja að skólarnir hafi tekið við sér og fundið aðrar leiðir til sparnaðar en að minnka forfallakennslu.

Akurskóli hefur brugðist við sparnaðarvandanum með því að sameina bekkjadeildir unglíngastígs úr þremur í tvær með tvo kennara í stað þriggja. Þriðji kennarinn tekur að sér forfallakennslu á unglíngastígi eða yngri stigum eftir því hver þörfin er. Yngri nemendur eru aldrei sendir heim heldur eru þeir settir í verkefni t.d. á bókasafni eða í aðra afþreyingu.

Einnig var rætt um nauðsyn þess að FFGÍR sendi frá sér ályktun þar sem hvatt er til þess að bærinn standi vörð um réttindi nemenda.

4. Virkni bekkjafulltrúa

Starf bekkjafulltrúa er í flestum tilfellum komið á fullt og ýmsar uppákomur hafa átt sér stað. Þó eru einhverjir sem enn eru óvirkir og er það miður, sér í lagi þar sem nemendur fara að bera saman bækur sínar og finnst foreldrarnir ekki standa sig sem skyldi.

5. FFGÍR

Samþykkt var að greiða 10.000 krónur til FFGÍR vegna opins fundar sem haldinn var 14. mars sl. Almenn ánægja var með fundinn.

6. Símaskrá nemenda

Fyrir í vetur var talað um að útbúa símaskrá nemenda með hópmynd af hverjum bekk. Ákveðið var að fresta verkefninu fram á haust enda langt liðið á veturinn.

7. Sala á peysum í 9.bekk

Ekkert hefur gengið í peysusöllumálum 9. bekkjar. Ákveðið var að fresta því fram á haust og reyna að virkja foreldra til verksins.

8. Þátttaka foreldra

Mikið álag hefur verið á stjórn FFA m.a. vegna opins fundar FFGÍR og fleiri mála. Rætt var um að nauðsynlegt væri að virkja bekkjafulltrúa og foreldra betur. Spurning um að búa til nýtt verksskipulag innan skólans.

9. Foreldrahandbókin

Jóna Guðrún hefur verið að fara yfir handbókina og uppfæra hana. Ákveðið var að fresta yfirferð á handbókinni fram á næsta fund og hafa þá í huga breytt verksskipulag. Jana ætlar að skoða hana með tilliti til þess ásamt Jónu Guðrúnu.

10. Merki (logo) foreldrafélagsins

Magnús Valur Pálsson hefur hannað merki fyrir foreldrafélagið sem lagt var fyrir á fundinum. Almenn ánægja var með lógóið.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. apríl nk. Kl. 20.00

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir